

Áveitan

6. tbl. 6. árgangur. Júní 2012

Leikjanámskeið ungmennafélaganna

Ungmennafélögin í Flóahreppi í samstarfi við HSK standa fyrir leikjanámskeiði fyrir 6-12 ára börn í sumar eins og undanfarin ár. Námskeiðið fer fram í íþróttasvæðinu við Þjórsárver og hefst nk. mánudag 4. júní og stendur til 15. júní, alls 9 skipti. Kennit verður frá kl. 13:00-15:30 og kennari er sem fyrr Ólafur Guðmundsson íþróttافرæðingur. Verð á hvern þátttakanda er kr 4000 en systkini, tvö eða fleiri borga 3500 hvert. Hvert félag sér um að rukka sína félagsmenn. Gott er að hafa með sér holla hressingu á námskeiðið og allir verða að vera klæddir eftir veðri. Skráning fer fram hjá formönnum félaganna fram á sunnudag.

Guðmunda Ólafsdóttir 846-9775

Baldur Gauti Tryggvason 867-3538

Stefán Geirsson 867-6907

Með von um góða þátttöku nú eins og undanfarin ár.

Ungmennafélögin

Þjótandabolir

Þar sem Þjótandabolirnir sívinsælu eru búnir í nokkrum stærðum verða fleiri bolir pantaðir nú í byrjun júní. Þeim, sem ekki eru búnir að panta en vilja tryggja sér eintak, er bent á að hafa samband við einhvern af formönnum ungmennafélaganna hið fyrsta og panta bol.



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Opnun vegslóða að Flóðgátt og afmæli Flóaáveitunnar

Við Flóðgáttina í Flóahreppi eru upptök Flóaáveitunnar sem var á sínum tíma umfangmesta og dýrasta landbúnaðarframkvæmd sem ráðist hafði verið í hér á landi.

Þann 27. maí 1927 var Flóðgáttin við Hvítá opnuð í fyrsta sinn og vatni veitt yfir Flóann.

Þó að upphaflegu hlutverki Flóaáveitunnar sé löngu lokið hafði hún ómetanlega þýðingu á mörgum sviðum. Hún flýtti fyrir vegagerð um Flóann og leiddi af sér stofnun Mjólkurbús Flóamanna og Kaupfélags Árnesinga og breytti lífi fólks á öllu Suðurlandsundirlendi.

Flóahreppur og Flóaáveitufélagið hafa í samstarfi við Vegagerðina, staðið fyrir lagningu vegslóða að Flóðgáttinni en áhugi er fyrir því að auka aðgengi fólks að þessu merka mannvirki. Fyrirhugað er að setja upplýsingaskilti við Flóðgáttina þar sem hægt verður að lesa sögu framkvæmdanna og hefur Menningarráð Suðurlands veitt styrk til verkefnisins.

Föstudaginn 1. júní kl. 20.00 verður vegslóðinn að Flóðgátt opnaður formlega af Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra og Hreini Haraldssyni vegamálastjóra. Við sama tækifæri verður haldið upp á 85 ára afmæli Flóaáveitunnar.

Íbúum Flóahrepps er boðið að vera viðstaddir opnun vegslóðans og afmæli Flóaáveitunnar við upptök Flóðgáttar. Að lokinni dagskrá við Flóðgátt verður boðið upp á kaffiveitingar í Þingborg í boði Flóaáveitufélagsins.

Upplýsingar um unglingavinnu

Ráðnir verða tveir flokkstjórar við Vinnuskóla Flóahrepps í sumar. Það eru þau Örvar Rafn Hlíðdal leiðbeinandi Flóaskóla og starfsmaður félagsmiðstöðvar og Birgitta Þóra Sigurðardóttir sem gegnt hefur starfi flokkstjóra í mörg ár.

Sláttur fyrir eldri borgara og öryrkja

Vinnuskóli Flóahrepps mun bjóða upp á slátt við heimahús fyrir eldri borgara og öryrkja í sumar á tímabilinu 11. júní til 18. júlí. Gjald fyrir slátt á gördum

er 21,00 kr. pr/fm en ellilífeyris- og örorkuþegar fá 75% afslátt af gjaldi. Pantanir eru teknar niður í síma 480-4370 frá kl. 9:00 til 13:00 alla virka daga.

Grenjavinnsla 2011

Birgir Örn Arnarson mun annast grenjavinnslu í sumar eins og undanfarin ár. Ef einhver hefur orðið var við ferðir lágfótu þá endilega látið hann vita í síma **891-8898**.

Auglýsing

Skrifstofa Flóahrepps verður lokuð í sumar frá 9. júlí til og með 20. júlí vegna sumarleyfa starfsmanna.

Sveitarstjóri

Girðingarvinna á Lyngeyrum

Ákveðið hefur verið að girða nýja girðingu á Lyngeyrum á Flóamannaafretti helgina 9.-10. júní. Stjórn Afréttamálafélags Flóa og Skeiða óskar eftir sjálfboðaliðum úr hópi sauðfjárbænda og annara áhugasamra. Allar hendur eru vel þagnar, hvort sem er við girðingavinnu, matseld eða annað.

Gamla Lyngeyragirðingin er ónýtt og löngu kominn tími á endurnýjun. Hundruð fjár rennur árlega yfir Stóru-Laxá af Lyngeyrum og yfir á Hrunaheiðar. Með nýrri girðingu á Lyngeyrum er vonast til að takist að stoppa rennsli fjár yfir sauðfjárveikivarnalínu á þessu svæði.

Áhugasamir hafi samband við einhvern stjórnarmanna afréttamálafélagsins sem allra fyrst:

Ari B. Thorarensen, s 898-9130

Ingvar Hjálmarsson, s 891-9597

Reynir Þór Jónsson, s 898-0929

Gróðursetning í Skagás

Fimmtudagskvöldið 7. júní verður gróðursetningarkvöld í Skagás og er mæting kl. 20:00. Allar hjálpsamar hendur vel þagnar.

Bestu kveðjur,

Stjórn Skógræktarfélags Villingaholtshrepps

Vorfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps

verður haldinn 13. júní n.k. í Þjórsárverri kl 20.30. Á fundinum verða venjuleg fundarstörf á vorfundi félagsins. Við byrjum á að fá okkur súpu og meðlæti sem verður selt á vægu verði. Við ætlum að vera á léttu nótonum og skoða myndir úr Lissabonferðinni og öðrum skemmtilegum upptákum úr starfinu, og e.t.v. eitthvað fleira.
Nýjar konur ávallt velkomnar í félagið.

Sjáumst hressar.

Kveðja, stjórnin.

Skólaþriðraut FRÍ

Þrír krakkar úr Flóaskóla tóku þátt í Skólaþriðraut FRÍ sem framför í Laugardagshöll 5. maí sl. Krakkarnir stóðu sig vel og árangur þeirra var þessi:

Sunna Skeggjadóttir	60 m hlaup	9,77 sek	7. sæti
	Hástökk	1,20 m	14. sæti
	Kúluvarp	9,44 m	1. sæti
Stefán Narfi Bjarnason	Hástökk	1,20 m	9. sæti
	60 m hlaup	9,65 sek	8. sæti
	Kúluvarp	8,05 m	1. sæti
Ýmir Atlason	Hástökk	1,10 m	14. sæti
	60 m hlaup	9,83 sek	9. sæti
	Kúluvarp	6,53m	9. sæti

Þjóðbúningar á Fjöri í Flóa

Til stendur að hafa sýningu á þjóðbúningum á Fjöri í Flóa. Nokkrir aðilar eru búnir að hafa samband við skipuleggjendur um að lána búninga. Eftir hádegi föstudaginn 1. júní verður sýningin sett upp og þá þurfa búningarnir að koma í Félagslund, um kl. 17.00. Þeir sem ekki hafa tök á að koma með sinn, geta óskað eftir því að hann verði sóttur. Hafið samband við Möggu á Syðra-Velli eða Anný í Vorsabæjarháleigu. Svo vantar okkur karlmannabúning, gjarnan bæði gamlan og nýjan, ef einhver á svoleiðis og er tilbúinn að lána hann, hafið samband við Möggu eða Anný.

Upplýsingar um búningana, eftir hvern þeir eru og hverjir eiga og þ.h. þurfa að berast til Möggu á Syðra-Velli á netfangið velli@emax.is, hún mun setja það upp í tölvu og útprent verður svo sett við hvern búning.

Nefndin.

Hæhó og jibbí jey...!

Hin árlega 17. júní skemmtun í Þjórsárverri verður haldin með pompí og prakt í ár eins og vanalega. Kl 13:00 hefst íþróttakeppni krakka 13 ára og yngri. Keppt verður í 60m hlaupi, langstökki, kúluvarpi og 400m hlaupi. Þeir sem búa á félagssvæði Umf. Vöku keppa um farandgripi en að sjálfsögðu geta allir krakkar verið með og keppt sem gestir. Allir fá viðurkenningu fyrir þátttökuna. Einnig verður andlitsmálun í boði fyrir börnin og hoppukastalinn verður á sínum stað.

Eftir keppnina halda kvenfélagskonur uppi stuðinu með því að stjórna leikjum en síðan stígur fjallkonan á stökk. Að lokum verður svo kaffi og meðlæti inni í Þjórsárveri fyrir alla. Munið að taka með ykkur bakkelsi á veisluborðið. Vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta og skemmta sér saman á þjóðhátíðardaginn.

Ungmennafélagið Vaka
Kvenfélag Villingaholtshrepps

17. júní í Félagslundi 2012

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps og Umf. Samhygð standa að venju fyrir dagskrá við Félagslund á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Hátíðarhöldin hefjast kl. 13:00 á útidagskrá. Keppt verður í íþróttum og farið í leiki fyrir börn og fullorðna. Kaffisamsæti er síðan í Félagslundi að lokinni útidagskrá og er fólk minnt á að taka með sér kökur á kaffiborðið.

Vonandi sjá sem flestir sér fært að koma og eiga gleðilegan þjóðhátíðardag í Félagslundi.

Félögin

HSK mót í frjálsum framundan

Nú eru öll HSK mótin utanhúss framundan. Ungmennafélögin senda sameiginlegt lið undir merkjum Þjótanda á öll mótin og vonandi að sem flestir taki þátt. Tekið er við skráningum á æfingum og hjá forsvarsmönnum félaganna. Mótin eru þessi:

16. júní í Þorlákshöfn: Héraðsleikar 10 ára og yngri og aldursflokkamót 11-14 ára. Mótið hefst kl. 10:00.

19.-20. júní á Selfossvelli: Héraðsmót fullorðinna.

26. júní á Selfossvelli: Unglingamót 15-22 ára. Hefst kl. 19:00.

Fréttir frá Krakkaborg

Kæru sveitungar

Maímánuður var aldeilis viðburðarríkur hjá okkur í Krakkaborg. Í byrjun mánaðrins var svokölluð vorskólavika hjá elstu börnum leikskólans. Þá fóru þau í fimm daga heimsókn í Flóaskóla og tóku þátt í hinum ýmsu námsgreinum. Mikil ánægja var meðal barnanna og við erum ekki frá því að þau hafi stækkað um nokkra sentimetra.

Hinar árlegu lambaferðir voru farnar 15. og 16. maí en Strumpar sóttu Oddgeirshóla heim og Tígrar fóru að Litlu Reykjum. Á báðum stöðum var mjög vel tekið á móti okkur en börnin fengu m.a. að halda á lömbum og gefa þeim úr pela ásamt því að skoða hesta, kettlinga og fleiri dýr. Mjög vel heppnaðar ferðir og þökkum við heimilsfólkinu á Oddgeirshólum og Litlu Reykjum kærlega fyrir góðar móttökur.

Hjóladagur var haldinn hjá okkur þann 22. maí en þá komu öll börnin með hjólin sín að heiman og auðvitað hjálmana því enginn hjólar án tilheyrandi öryggisbúnaðar. Við útbjuggum litla þrautabraut á planinu við Þingborg sem börnin leystu með ágætum ásamt því að hjóla inni í garðinum okkar.

Miðvikudaginn 23. maí var sumrinu fagnað í leikskólanum Krakkaborg í Flóahreppi um leið og elstu börnin voru útskrifuð. Hátíðin, sem er samstarfsverkefni leikskólans og foreldrafélagsins, tókst í alla staði vel og veðrið lék við okkur. Margt var gert til skemmtunar og áður en hátíðin hófst formlega var farið í vina- og kærleiksgöngu undir föstum trommutakti. Elstu börn leikskólans bjuggu til Krakkaborgarfána með mynd af merki skólans fyrir þessa hátíðargöngu. Regnbogakór Krakkaborgar sló í gegn með sérlega fallegum söng en þau sungu m.a. lögin Rósina og Vikivaka. Því næst var hin hefðbundna útskriftarathöfn en hvert barn fékk útskriftarplagg og möppu með völdum listaverkum þeirra. Einnig fengu þau geisladisk að gjöf frá leikskólanum en á honum voru um fimm til sjö hundruð myndir af þeim frá þeirra leikskólagöngu. Að því búnu mætti Ingó veðurguð á svæðið og skemmti hátíðargestum. Óhætt er að segja að Ingó hafði slegið rækilega í gegn þar sem börnin tóku hraustlega undir glöð og kát með komu hans. Eftir að Ingó hafði gefið eiginhandaráritanir var boðið uppá andlitsmálun og lítinn reiðtúr en það voru þau Christiane og Óli frá Egilsstöðum 1 sem sáu um það. Einnig voru grillaðar pylsur og boðið uppá svala.

Þess má geta að leikskólanum hefur nýlega borist veglegar gjafir bæði frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps og einnig frá þeim Jóhanni og Margréti í Vatnsholti 2 en þau reka þar glæsilega ferðarþjónustu. Kristín frá Hurðarbaki gaf leikskólanum vinnu sína en hún saumaði gardínur og púðaver fyrir leikskólann.

Við þökkum þeim öllum kærlega fyrir þessar góðu gjafir. Einnig hafa hin ýmsu félagasamtök stutt dyggilega við bakið á starf leikskólans í gegnum tíðina.

Á þessari stundu er mér efst í huga þakklæti til allra þeirra sem að leikskólasamfélaginu hafa komið með einum eða öðrum hætti. Ég vil því nota tækifærið og þakka þeim fyrir óeigingjarnt og gott samstarf og þann hlýhug og stuðning sem okkur í leikskólanum er sýndur sem er ómetanlegur. Það eru sannkölluð forréttindi að búa í samfélagi sem einkennist af hlýjum hug og stuðningi. Við getum svo sannarlega öll verið stolt af leikskólanum okkar.

Að lokum minni ég á að fjölskyldu- og menningarhátíðin Fjör í Flóa verður haldin helgina 1. – 3. júní. Af því tilefni bjóðum við í Krakkaborg ykkur í heimsókn í leikskólann en það verður opið hús hjá okkur föstudagsmorguninn 1. júní frá kl. 10:00 – 12:00.

Sumarkveðja,

F.h. Starfsfólks Krakkaborgar

Karen Viðarsdóttir leikskólastjóri

Frá Hraungerðiskirkju

Á þessu ári eru 110 ár liðin frá því að Hraungerðiskirkja var vígð. Hraungerði á sér merka sögu sem unnt væri að rekja í löngu máli. Sé litið til hinna síðari áratuga bregður t.d. fyrir Hraungerðismótunum og svo brautryðjendastarfi áhugasamra presta um helgisíðafræði og hina sístæðu messu. Í framhaldi þeirrar vinnu var kórhluta kirkjunnar breytt fyrir rúmlega sjötíu árum. Þær breytingar voru gerðar af góðum hug og hugsjón en litlum efnum. Því varð ljóst að laga þyrfti innviði kirkjunnar. Það hefur nú verið gert af miklum myndarskap undir leiðsögn Hjörleifs Stefánssonar arkitekts og verður þeim áfanga fagnað í messu sunnudaginn 3. júní kl. 13:30.

Þeim sem að Hraungerðiskirkju standa væri það mikið gleði- og fagnaðarefni ef þú hefðir tök á að samfagnað í messunni og líta augum handbragð eins og það gerist best. Athugaðu að í Hraungerði er messað kl. 13:30!

Með kærri kveðju,

Kristinn Ágúst Friðfinnsson, sóknarprestur Selfossprestakalls.

Frá Flóaskóla

Framundan er „Fjör í Flóa“ en það er alltaf skemmtilegur tími í sveitinni. Flóaskóli verður með opið hús í tengslum við þessa metnaðarfullu fjölskyldu- og menningarhátíð. Opið verður á sýningu á verkum nemenda föstudaginn 1. júní kl. 10:00-14:00 á neðri hæð nýja skólans. Klukkan 14:00 hefjast skólaslit í Þjósárverji og í ár verða 10. bekkingar útskrifaðir í fyrsta skipti frá skólanum. Þetta eru merkileg tímamót í sögu skólans sem hefur vaxið hratt síðustu árin. Foreldrar eru hvattir til að koma með börnum sínum á skólaslit og útskrift og sitja með þeim í salnum.

Flóaskóli og foreldrafélag Flóaskóla stóðu nýlega fyrir bíóferð fyrir nemendur í 6.-10. bekk, en farið var í Háskólabíó á heimildamyndina „The Bully Project“ eða „Grimmd – sögur af einelti“. Myndin er áhrifamikil og vekur fólk svo sannarlega til umhugsunar um hve skelfilegar afleiðingar eineltis geta verið. Við höfum í vetur áfram lagt áherslu á að fylgja Olweus áætlun gegn einelti og stuðst við hana varðandi forvarnir gegn einelti og viðbrögð við því þegar það kemur upp. Eldri nemendur hafa einnig fengið fræðslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og forvarnarfræðslu vegna áfengis og vímuefna. Allt miðar þetta að því að fræða krakkana um hvað má og hvað ekki, hvað er rétt og hvað ekki, hvar mörk okkar liggja í samskiptum við aðra, hvernig á að standa með sjálfum sér og segja „nei“ og svo framvegis. Það er mikilvægt að styrkja sjálfsmynd barna og unglinga og kenna þeim góð og eðlileg samskipti, því röng samskipti geta svo sannarlega haft alvarlegar afleiðingar. Eineltisumræður, bekkjarfundir og samskiptareglur þurfa alltaf að vera hluti af starfinu í skólanum og því betur sem okkur gengur að vinna hvert með öðru því betur líður okkur öllum í skólanum.

Þegar Áveitan berst okkur í pósti er líklegt að vordagar standi í skólanum. 10. bekkingar eyða síðustu skóladögunum í útskriftarferð norður í Skagafirði á meðan nemendur í 6.-7. bekk fara í tveggja náttu ferð um Snæfellsnes. 8. bekkingar eyða degi á skátasvæðinu við Úlfljótsvatn og 9. bekkingar gróðursetja við skólann og tína rusl. Nemendur í 1.-5. bekk fara í fjöruna við Stokkseyri og endurvekja þar skemmtilega sandkastalakeppni. Auk þess verður útikennsludagur á skólalóðinni og grillaðar pylsur í hádeginu síðasta kennsludaginn. Ferðir og vorskípulag er nú komið í rútínu sem hefur haldist á milli ára þannig að nemendur geta séð hvað gert er á hverju ári og hlakkað til þess sem þeir vita að er framundan ☺

Veturinn hefur verið fljótur að líða eins og svo oft áður. Verkefni hafa verið mörg og krefjandi en líka sérstaklega skemmtileg. Skólinn er nú heildstæður grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Eitt af því sem hefur

haft sérlega jákvæð áhrif á skólastarfið undanfarin ár er góður stuðningur frá íbúum, fyrirtækjum og félagsamtökum í Flóahreppi. Framlag aðila í samfélaginu skiptir miklu máli, hvort sem um er að ræða gjafir, sjálfbóðaliðastörf, aðkomu að valgreinum og umhverfis- og starfsfræðslu eða öðrum beinum og óbeinum stuðningi. Þátttaka á fundum, skemmtunum og samkomum skiptir líka máli, ekki síður en jákvætt og uppbyggjandi umtal um skólann og skólastarfið. Skólinn er hjarta samfélagsins og við þurfum að halda áfram að byggja hann upp – alltaf með heill og hagsmuni barnanna okkar að leiðarljósi. Um leið og ég og fjölskylda mín leitum á vit nýrra ævintýra og kveðjum ykkur að sinni þá óska ég skólanum okkar og íbúum Flóahrepps alls hins besta í framtíðinni.

Bestu kveðjur, Kristín Sigurðardóttir
skólastjóri,
kristin@floaskoli.is / gsm 663-5720.

Reiðnámskeið Sleipnis

Reiðnámskeið Sleipnis sumarið 2012 verða haldin að Vallartröð 4 á Selfossi.

Umsjónarmenn verða Brynjar Jón Stefánsson og Rannveig Árnadóttir.

Skráning fer fram í síma 696-1752(Ranna). Börnin læra grunnatriði í hestamennsku, stjórnun, ásetu, farið verður í útreiðatúra ásamt uppákomum í reiðhöll. Innifalið í verði er aðgangur að hesti, reiðtygjum og hjálmi.

Námskeið fyrir 6-8 ára verða 23.-27. júlí og 30. júlí-3. ágúst og kosta 10.000 kr. (5 dagar)

Námskeið fyrir 9 ára og eldri verða 9.-20. júlí og 23. júlí-3. ágúst og kosta 20.000 kr. (10 dagar)

6-8 ára mæta kl.13-14 eða 14.30-15.30.

9 ára og eldri mæta kl. 10.00-11.30 eða 13.30-15.00.

Umsjónarmenn

Fjör í Flóa

Fjölskyldu- og menningarhátíð í Flóahreppi

1. – 3. júní 2012

Föstudagur 1. júní

Kl. 10:00 – 12:00 Leikskólinn Krakkaborg Opið hús, allir velkomnir að sjá börn í leik og starfi, einnig hægt að skoða listaverk eftir börnin.

Kl. 10:00 – 13:00 Skrifstofa Flóahrepps Opið hús, allir velkomnir, ljósmyndir af ýmsum atburðum í Flóahreppi til sýnis.

Kl. 10:00-14:00 Flóaskóli Sýning á verkum nemenda.

Kl. 14:00 Flóaskóli Skólaslit og útskrift 10. bekkinga. Ræður, viðurkenningar, tónlistaratriði, afhending vitnisburðar og útskriftarplagga.

KL.13:00-18:00 Búbót bændaverslun Gömlu-Þingborg Opið. Vörukynningar og smakk alla helgina.

Kl. 13:00 – 18:00 Tré og list í Forsæti III Myndlistasýning Grétu Gísladóttur *Glansmynd af sumri*.

Tré og list fagnar 5 ára afmæli í sumar. Margir listamenn hafa haldið farandsýningar hjá okkur á þessum tíma og fengið verðskuldaða athygli. Stolt okkar eru verk Siggu á Grund, tréskurður á heimsmælikvarða, en þau eiga sinn fasta samastað í Tré og list. Aðgangur kr. 500 meðan hátíðin Fjör í Flóa stendur, frítt fyrir börn og unglinga.

Kl. 11:00 – 18:00 Sveitabúðin Sóley í Tungu Heitt á könnunni og svaladrykkur. Verið velkomin, gestgjafar: Sóley Andrésdóttir og Björgvin Njáll Ingólfsson.

Kl. 13:00 – 18:00 Ullarvinnslan í Þingborg (Gamla Þingborg) Opið hús.

Kl. 23:00 Þjósárver - Sveitaball með Stuðlabandinu Aðgangseyrir 2.000 kr. Aldurstakmark 18 ára.

Kl. 20:00 Flóðgáttin Hátíð við Flóðgátt vegna 85 ára afmælis Flóaaáveitunnar og opunar á vegslóða að Flóðgáttinni. Að lokinni dagskrá við Flóðgátt verða kaffiveitingar í Þingborg í boði Áveitufélagsins.

Örnefnakort yfir jarðir í Hraungerðishreppi verða til sýnis í Þingborg frá föstudagskvöldi til sunnudags. Umsjónarmaður verkefnisins, Svavar Sigmundsson, verður til skrafs og ráðagerða.

Laugardagur 2. júní

Kl. 9:00 – 12:00 Félagslundur Morgunmatur í boði Fjörs í Flóa og fyrirtækja á Suðurlandi. Allir velkomnir í notalega samverustund og kjarngóðan morgunmat. Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps sér um morgunmatinn. Kvenfélagið verður með kökubasar á staðnum og einnig verða þjóðbúningar til sýnis. Andlitsmálun og leikir fyrir börn. **Sigrún Sigurðardóttir í Súluholti verður með myndlistarsýningu.** Verkin verða til sölu.

Kl. 9:30 – Hlaupið að Félagslund Hlaupið verður frá Sundhöllinni á Selfossi í Félagslund, 14 km.

Kl. 9:00 – 12:00 Gaulverjaskóli – Farfuglaheimili Opið hús hjá þeim hjónum Oddnýju Guðmundsdóttur og Gestu Kristinsyni. Þau breyttu barnaskólanum í glæsilegt farfuglaheimili.

Kl. 11:30 Gaulverjabæjarkirkja Barna- og fjölskylduguðþjónusta hjá sr. Óskari Hafsteini Óskarssyni og Sveini Valgeirssyni.

Kl. 11:00 – 17:00 Hraungerðiskirkja Kynning á nýlokinni endurgerð og viðgerðum á kirkjunni.

Kl. 11:00 – 18:00 Sveitabúðin Sóley Í Tungu. Heitt á könnunni og svaladrykkur. Verið velkomin, gestgjafar: Sóley Andrésdóttir og Björgvin Njáll Ingólfsson.

Kl. 11:00 – 18:00 Ullarvinnslan í Þingborg (Gamla Þingborg) Langþráðarspunakeppni á halasnældu, allir velkomnir.

Kl. 12:00 – 15:00 Lambastaðir Opið hús þar sem gestum er boðið að skoða nýtt gistiheimili.

Kl. 12:00 – 18:00 Þingborg Ýmis dýr, stór og smá, til sýnis og ungar skríða úr eggjum. Einnig verða handverk og listmunir til sýnis og sölu innandyrá. Gamli bílar og verkfæri til sýnis á planinu. Kvenfélag Villingaholtshrepps verður með nytjamarkað. Kvenfélag Hraungerðishrepps verður með hlutaveltu og blómasölu og sér einnig um kaffisölu á staðnum.

Kl. 13:00-18:00 Búbót bændaverslun Gömlu-Pingborg Opið. Boðið upp á að smakka grillað nautakjöt kl. 14:00-16:00. Vörukynningar og smakk alla helgina.

Kl. 13:00 Torfærukeppni gamalla traktora í Súluholtsgrýfjum Stefán Ólafsson tekur við skráningum og veitir nánari upplýsingar í síma 825-0679

Kl. 14:00 Pingborg - Ingó Veðurguð mætir á staðinn og spilar nokkur lög. Eftir það verður farið í leiki að hætti Ungmennafélagsins Baldurs og þá verður andlitsmálning fyrir þá sem það vilja.

Kl. 15:30 Smalahundasýning í Pingborg – Smalahundafélag Árnessýslu sýnir listir sínar við smalamennsku.

Kl. 13:00 – 18:00 Tré og list í Forsæti III Opið hús á verkstæði Ólafs. Þar verða þau Sigga á Grund og Ólafur við vinnu og spjall. Myndlistasýningin Grétu Gísladóttur, *Glansmynd af sumri*. Aðgangur kr. 500 meðan hátíðin Fjör í Flóa stendur, frítt fyrir börn og unglinga.

Kl. 20:30 Kvöldvaka í Félagslund Sveinn Waage verður með uppistand, Ingi Heiðmar Jónsson verður með kirkjukórinn, einsöngur Sigurður Torfi Guðmundsson. Þjóðdansahópurinn Sporið mun sýna þjóðdansa og Ungmennafélagið Vaka mun sýna stutt leikverk í léttum dúr. Léttar veitingar til sölu. Allir velkomnir, aðgangseyrir kr. 1000.

Sunnudagur 3. júní

Kl. 10:00 Neistastaðahlaupið/gangan – Mæting í Pingborg. Farið svokallaðan Neistastaðahring. Hægt er að hlaupa/ganga mismunandi vegalengdir. Heitu pottanir í Pingborg opnir eftir hlaupið/gönguna.

Kl. 10:30 Örnefnaganga. Mæting á kirkjuhlaðinu í Hraungerði. Göngustjórar verða fræðapulirnir Guðmundur Stefánsson og Svavar Sigmundsson. Gengið verður frá gamla Hraungerði að nýja Hraungerði. Göngutími ca. 2 klst.

Kl. 11:00 – 13:00 Ferðamannafjánhús Egilsstaðakoti Opið hús. Gestum gefst tækifæri til að skoða aðstöðuna og kynna sér starfsemina. Kjötsúpa til sölu

Kl. 11:00 – 14:00 Nýtt véla- og sprautuverkstæði í hlöðunni í Kolsholti I verður til sýnis. Kaffi á könnunni.

Kl. 11:00 – 18:00 Sveitabúðin Sóley Í Tungu Heitt á könnunni og svaladrykkur. Gestgjafar: Sóley Andrésdóttir og Björgvin Njáll Ingólfsson.

Kl. 12:00 – 15:00 Ferðapjónustan Vatnsholti Opið hús hjá Jóhanni Helga og Margréti. Súpa og brauð í boði.

Kl. 12:00 – 17:00 Þingborg Ýmis dýr, stór og smá, til sýnis og ungar skriða úr eggjum. Einnig verða handverk og listmunir til sýnis og sölu innandyrna. Gamlir bílar og verkfæri til sýnis á planinu. Kvenfélag Villingaholtshrepps verður með nytjamarkað. Kvenfélag Hraungerðishrepps verður með hlutaveltu og blómasölu og sér einnig um kaffisölu á staðnum.

KL.13:00-18:00 Búbót bændaverslun Gömlu-Þingborg Opið. Vörukynningar og smakk alla helgina.

Kl. 13:00 – 18:00 Ullarvinnslan í Þingborg (Gamla Þingborg) Opið hús.

Kl. 13:00 – 17:00 Ölvisholt Opið hús fyrir gesti og gangandi. Þar má skoða lausagönguhesthús / opið hesthús ásamt sjálfvirku fóðurkerfi fyrir hey og kjarnfóður sem henta jafnt fyrir reiðhesta í lausagöngu og í stíum en ennfremur fyrir útigang. Hesthúsið er búið að vera í notkun í þrjú ár. Einnig má hafa samband í síma 856-1132 og koma á öðrum tímum ef það hentar betur.

Kl. 13:00 – 18:00 Tré og list í Forsæti III Opið hús á verkstæði Ólafs. Þar verða þau Sigga á Grund og Ólafur við vinnu og spjall. Myndlistasýningin Grétu Gísladóttur *Glansmynd af sumri*. Aðgangur kr. 500 meðan hátíðin Fjör í Flóa stendur, frítt fyrir börn og unglínga.

Kl. 13:30 Hraungerðiskirkja Fyrsta messa eftir endurbætur á kirkjunni. Prestur séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson.

Kl. 14:00 – 17:00 Þjósárver Barnaskemmtun. **Pollapönk** mætir á svæðið kl. 14:00. Kvenfélag Villingaholtshrepps verður með gómsætt kaffihlaðborð á vægu verði, 500 fyrir börn 6-10 ára en 1000 kr fyrir eldri.

Gestir hátíðarinnar eru hvattir til að nýta sér þær gönguleiðir sem í sveitarfélaginu eru um helgina. Uppdrætti með merktum gönguleiðum má nálgast í félagsheimilum Flóahrepps alla helgina. Nánar á www.floahreppur.is

Frá UMF Baldri

Æfingar í Einbúa

Fyrsta íþróttæfing sumarsins í Einbúa verður haldin þriðjudagskvöldið 5. júní nk. frá kl 20:00 til 21:00. Æfingarnar eru fyrir alla krakka 5 og eldri. Rúnar Hjálmarsson mun sjá um að halda krökkunum að verki. Æfingar verða síðan á hverjum þriðjudegi í allt sumar og ætlar Rúnar að vera í góðum tengslum við foreldra þeirra krakka sem sækja æfingarnar. Eins er möguleiki að haldnar verði samæfingar hjá Þjótanda á Selfossvelli sér í lagi þegar nær dregur mótum. Þó nokkuð er af mótum til að mæta á í sumar s.s. Unglingalandsmót á Selfossi um verslunarmannahelgina og mörg fleiri mót. Verði mæting á æfingar eins góð og við vonum munum við bæta við þjálfara til að hægt sé að sinna öllum. Endilega allir krakkar að mæta. ATHUGIÐ að það að mæta æfingarnar kostar ekkert fyrir krakkanna, heldur eru æfingarnar í boði Umf. Baldurs.

Íþróttanefnd Umf. Baldurs

Hreinsunardagur í Einbúa

Þriðjudagskvöldið 12. júní næstkomandi ætlum við að hittast með sláttuvélar og hrifur að vopni í Einbúa og slá og hreinsa fyrir 17. júní. Grillaðar verða pylsur handa öllum að loknu verki. Á sama tíma verður í gangi íþróttæfing hjá krökkunum og eru foreldra hvattir til að mæta og rétta hjálparhönd á meðan börnin sprikla. og svo fá allir pylsur að lokum. Mætið með hrifur, sláttuvélar og öll þau verkfæri/tæki sem þið teljið að gætu komið að notum.

Stjórnin

Hæ hó..... Það er kominn 17. Júní

Umf. Baldur heldur upp á þjóðhátíðardaginn að vanda. Hátíðin verður haldin í Einbúa (nema veður verði leiðinlegt, áskilur Umf. Baldur sér að að flytja dagskrána í Þingborg) og hefst dagskráin kl. 14:00. Flutt verður hátíðarræða og fjallkonan kemur fram og prestur flytur hugvekju. Þreytt verður víðavangshlaup og viðurkenningar veittar fyrir það. Þá verða leikir og margt til gamans gert. Að lokinni dagskrá verður kaffi og meðlæti. Allir eru velkomnir og fólk hvatt til að koma í Einbúa að fagna þjóðhátíðardeginum.

Stjórn og Skemmtinefnd Umf. Baldurs

Félagið er með Facebooksíðu undir nafninu Ungmennafélagið Baldur Hraungerðishrepp. Endilega gerist vinir okkar þar og fáið fréttirnar beint í æð.

Pistillinn

Komiði sæl öll sömul, ég vil byrja á að þakka honum Sigurði vini mínum fyrir að hafa skorað á mig að skrifa næsta pistil eða þannig. Hér sit ég fyrir framan tölvuna og klóra mér mikið í hausnum um hvað ég ætti að skrifa. Það eru nú að verða 6 ár og 3 börn síðan við fluttum hingað og er sá tími búinn að vera mjög annasamur og skemmtilegur. Hér rennur mikið af hrossum í gegn bæði tamningahross og söluhross, og kvarta kúnnarnir mest yfir slæmum vegum hérna, en það stendur víst til að bæta þá eitthvað að hluta. En það er eitt sem ég skil ekki fyrst það á ekki að leggja bundið slitlag allan hringinn hvers vegna það er ekki byrjað frá Flóaskóla og lagt niður eftir í einum kafla svipað langt og á að leggja slitlagið, heldur þarf að byrja á báðum endum og skilja eftir miðjuna, þetta er mest keyrða leiðin báðir skólarnir eru í þessa átt en aftur á móti frá Fljótshólum eru að mestu sumarbústaðir og hálfgerð eyðibýli hina leiðina en kannski er það ekki mitt að skilja. En hvað með það hér eru miklar annir eins og hjá flestum bændum hér í sveit verið að vinna vorverkin fara yfir girðingar bera á tún, loka flögum svo tókum við upp á því að setja niður rófur en það hefur nú tekist svona upp og ofan en vonandi tekst það betur til þettað árið, þá hringi ég í Sigga vin minn til að hjálpa okkur í upptöku;) Skóla krakkarnir eru að tínast til okkar í tamningarnar og er mikil aðsókn í að komast í sveitina. Komin eru 4 folöld og eitthvað á eftir að koma meira af þeim, það stóð nú aldrei til að vera með mikla ræktun en þetta er spennandi. Jæja ég veit nú ekki hvað ég ætti að bulla um meira enda ekki mikill penni á ferð. Ps vona að Siggi hafi ekki misst sig í 1 maí kaffinu;)

Kv. Sævar Örn Sigurvinsson

Ég skora á vin minn Braga í Efri-Gegnishólum að skrifa næsta pistil.

Munið íþróttæfingar Samhygðar og Vöku á íþróttavellinum við Þjórsárver á þriðjudagskvöldum kl. 19-20. Tómas Karl Guðsteinsson þjálfar. Allir krakkar velkomnir.
Samhygð og Vaka

Sveitaball, já ekkert jafnast á við sveitaball...

Í tilefni sveitahátíðarinnar Fjör í Flóa mun Ungmennafélagið Vaka standa fyrir alvöru sveitaballi föstudagskvöldið 1. júní í Þjórsárveri í Flóahreppi. Hið Alíslenska Stuðlaband mun halda stuðinu uppi eins og þeim einum er lagið.

18 ára aldurstakmark (árið gildir) og 2000kr inn...gæti ekki verið betra :)
Hvetjum við alla til að mæta og tjútta í íslenska sveitaloftinu!!

Umf. Vaka

Dagskrá mánaðarins

Skólaslit Flóaskóla	1. júní
Fjör í Flóa	1.-3. júní
Leikjanámskeið hefst	4. júní
Íþróttæfing í Einbúa	5. júní
Íþróttæfing við Þjórsárver	5. júní
Gróðursetning í Skagás	7. júní
Girðingarvinna á Lyngeyrum	9.-10. júní
Íþróttæfing í Einbúa	12. júní
Íþróttæfing við Þjórsárver	12. júní
Hreinsunardagur í Einbúa	12. júní
Vorfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	13. júní
Leikjanámskeiði lýkur	15. júní
Héraðsleikar og aldursflokkamót HSK	16. júní
Þjóðhátíðardagurinn	17. júní
Íþróttæfing í Einbúa	19. júní
Héraðsmót í frjálsum	19.-20. júní
Íþróttæfing við Þjórsárver	19. júní
Íþróttæfing í Einbúa	26. júní
Unglingamót HSK	26. júní
Íþróttæfing við Þjórsárver	26. júní



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160